

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

131. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 12. september 2013 kl. 14:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Aðalfundarboð Dvalarheimilis aldraðra sf. og Leigufélagsins Hvamms ehf.:
3. Fjárhagsstaða - sjö mánaða stöðuyfirlit:

Til kynningar:

- a) Fundargerð 14. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga:
- b) Fundargerð 244. fundar stjórnar Eypings:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Ásta Svavarsdóttir og Árni Pétur Hilmarsson auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 4. lið; Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Pingeyjarsveitar – breyting og undir 5. lið; Fundartími sveitarstjórnar – breyting.

Samþykkt samhljóða.

2. Aðalfundarboð Dvalarheimilis aldraðra sf. og Leigufélagsins Hvamms ehf.:

Lögð fram aðalfundarboð Dvalarheimilis aldraðra í Pingeyjarsýslu s.f. og Leigufélagsins Hvamms ehf. sem haldnir verða þann 18. september n.k.

Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð Pingeyjarsveitar á báðum fundunum.

3. Fjárhagsstaða – sjö mánaða stöðuyfirlit:

Lagt fram yfirlit um fjárhagsstöðu sveitarfélagsins fyrstu sjö mánuði ársins. Fjármálastjóri og aðalbókari mættu til fundarins undir þessum lið. Fjármálastjóri fór yfir stöðuna og gerði grein fyrir frávikum.

4. Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Þingeyjarsveitar – breyting:

Lögð fram að nýju drög að samþykkt um stjórn sveitarfélagsins með athugasemdum eftir yfirllestur.

Sveitarstjórn samþykkir drögin með áorðnum breytingum.

5. Fundartími sveitarstjórnar - breyting:

Tekinn til umræðu fundartími sveitarstjórnar. Óskað hefur verið eftir að fundir sveitarstjórnar hefjist kl. 14:00 í stað 13:00, annan hvern fimmtudag.

Breyttur fundartími samþykktur til áramóta.

Til kynningar:

c) Fundargerð 14. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga:

d) Fundargerð 244. fundar stjórnar Eypings:

Fleira ekki gert og fundi slitið 16:35

Ólína Arnkelsdóttir

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Ásta Svavarsdóttir

Árni Pétur Hilmarsson